


Veikindafjarvistir 2000-2007 samkvæmt gagnagrunni Heilsuverndarstöðvarinnar

Í október 2007 birtu Samtök atvinnulífsins á vefsíðu sinni í fyrsta sinn niðurstöður um veikindafjarvistir úr gagnasafni Heilsuverndarstöðvarinnar og byggðu þær á gögnum fyrir tímabilið 2000-2006. Nú liggja fyrir upplýsingar vegna ársins 2007 og ná þær til tæplega 13.000 starfsmanna. Vísað er til umfjöllunar í þeirri grein varðandi aðferðir og fyrirvara um marktækni og túlkun. Í þessari grein er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þar sem grein er gerð fyrir fjarvistum í dögum að meðaltali á starfsmann á ári og hlutfall veikindadaga af virkum vinnudögum er skipt eftir aldri starfsmanna, lengd veikinda og tilefni. Rétt er að nefna að niðurstöðum um 2000-2006 ber ekki nákvæmlega saman við þær sem birtust í greininni í október 2007 vegna betrubóta á úrvinnslu gagnanna.


Fjarvistir vegna veikinda jukust 2007

Helstu niðurstöður eru þær að meðalfjöldi veikindadaga var 8,8 árið 2007 og veikindahlutfallið, þ.e. hlutfall veikindadaga á ári af vinnudögum ársins, var 3,9%. Þetta er nokkur aukning frá 2006 þegar veikindadagar voru 8,3 að meðaltali og veikindahlutfallið 3,7%. Veikindadagarnir voru þó færri en á árunum 2000-2003.




Samanlagðar fjarvistir eftir lengd á 12 mánaða tímabili

Þegar veikindafjarvistunum er skipt eftir því hversu marga virka daga starfsmenn voru fjarverandi samtals á árinu 2007 kemur í ljós að fjarvistir sem stóðu yfir samtals í 1-5 virka daga voru 1,3 að meðaltali, eða 0,6% vinnudaga, og fjarvistir í 6-10 virka daga voru svipaðar. Skammtímafjarvistir, fjarvistir í minna en tvær vikur, námu því 1,2% vinnudaga eða tæpum þriðjungi allra fjarvista. Fjarvistir sem stóðu yfir í 11-20 daga, þ.e. í tvær til fjórar vikur, námu samtals 0,9% vinnudaga eða 16% allra fjarvista. Fjarvistir sem stóðu samtals í fjórar vikur eða minna námu því 2,1% vinnudaga eða rúmum helmingi allra fjarvista. Fjarvistir sem stóðu yfir lengur en einn mánuð og minna en þrjá námu 1,1% vinnudaga og lengri fjarvistir en 3 mánuðir (meira en 60 virkir dagar) námu 0,7% vinnudaga.




Veikindafjarvistir langmestar hjá yngstu starfsmönnum

Veikindafjarvistir eru áberandi mestar í yngstu aldurshópnum. Veikindadagar eru að meðaltali 14-15 á ári í aldurshópnum 15-30 ára, sem nemur 6-7% vinnudaga. Í aldurshópnum 31-35 ára fækkar veikindadögum niður í 10 að meðaltali á ári og 4,6% veikindahlutfall. Hver fimm á aldurshópur á bilinu 35-65 ára er með svipaðan fjölda veikindadaga á ári eða 6-7 og í kringum 3% veikindahlutfall. Elstu starfsmennirnir, 65 ára og eldri eru minnst frá vegna veikinda.




Skýrt samband er á milli aldurs og lengdar fjarvista þar sem skammtímafjarvistir eru algengastar hjá þeim yngri og langtímafjarvistir hjá þeim eldri. Í yngstu aldurshópunum, 21-25 ára, eru fjarvistir vegna veikinda sem standa yfir í minna en mánuð algengastar eða sem nemur um 70% veikindadaga en hjá þeim sem eru eldri en 70 ára er hlutfallið öfugt eða 30%.




Veikindafjarvistir vegna barna

Fjarvistir vegna veikinda barna voru 6% af fjarvistum í heild á árinu 2007 eða sem nemur hálfum degi á hvern starfsmann á ári að meðaltali. Fjarvistir vegna veikinda barna hafa minnkað jafnt og þétt frá árinu 2003 þegar þær voru 7,3% veikindafjarvista. Hluttur kvenna var í fjarvistum vegna veikinda barna var 68% og lækkaði úr 72% árið 2006. Hlutfallið er allnokkuð lægra en það var í byrjun áratugarins þegar það var 74%. Þessi niðurstaða bendir því til þess að fjölskylduábyrgð karla fari vaxandi þótt konur axli þá ábyrgð í að verulegu leyti.



Veikindafjarvistir eftir tilefni

Algengasta ástæða veikindafjarvista árið 2007 voru umgangspeskir og flensur og var það tilgreind ástæða í fjórðungi tilvika. Þar á eftir kom stoðkerfi með 11% og vinnuslys í 9% tilvika. Þá koma kveisur, veikindi barns og aðgerðir með 6-7 % tilvika og loks þungun með 4% tilvika. Langstærsti flokkurinn er þó annað eða ótilgreint.



Niðurstöður

Veikindafjarvistir uxu á árinu 2007 hjá fyrirtækjum sem nota þjónustu Heilsuverndarstöðvarinnar við skráningu og greiningu fjarvista eftir að hafa farið minnkandi árin þar á undan. Starfsmenn voru að meðaltali fjarverandi 8,8 vinnudaga vegna veikinda árið 2007 sem nemur 3,9% af heildarvinnudögum. Starfsmenn á miðjum aldri og eldri er síður fjarverandi vegna veikinda en yngra starfsfólkið og eru yngri aldurshópar tvöfalt meira frá vinnu en þeir eldri. Yngra fólk er oftár fjarverandi frá vinnu en þeir eldri en skemmri tíma í einu, en langtímafjarvistir fara vaxandi með aldri. Konur fá leyfi vegna veikinda barna í mun meira mæli en karlar og er skiptingin 68% á móti 32%, en hlutur karla fer þó vaxandi. Algengasta ástæða veikindafjarvista eru pestir eða flensur sem skýra fjórðung veikindafjarvista.